

## Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, mánudaginn 8. maí 2023 og hófst kl. 17. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Luciano Dutra og Steinunn Stefánsdóttir. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1) Vefur Íslenskrar málnefndar

Kynnt var ný WordPress-vefsíða Íslenskrar málnefndar sem fyrirtækið Vefsíðugerð.com sá um að hanna. Gert er ráð fyrir að nýja síðan taki við af gömlu Joomla-vefsíðunni fyrir næstu mánaðamót.

### 2) Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2023

Kynnt var ályktun um stöðu tungunnar 2023 sem í ár ber yfirskriftina *Íslenska í fjölmenningsamfélagi*. Gengið verður frá ályktuninni þegar ábendingar hafa borist frá stjórnarmönnum.

### 3) Önnur mál

a) *Viðurkenning Íslenskrar málnefndar*

Umræður um það hverjir skuli hljóta viðurkenningu Íslenskrar málnefndar árið 2023.

b) *Fundur fullskipaðrar málnefndar*

Fundur fullskipaðra málnefndar verður haldinn 14. september.

c) *Leiðbeiningar um mótun málstefnu*

Leiðbeiningar um mótun málstefnu fyrir sveitarfélög, skóla og stofnanir eru frágengnar og eru að finna á vef Íslenskrar málnefndar.

d) *Málþing um ensku í íslensku samfélagi*

Málþing á vegum Íslenskrar málnefndar um ensku í íslensku samfélagi var haldið 4. maí í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins. Málþingið var vel sótt og þótti takast vel.

e) *Málþing um skýrt mál*

Rætt var um að halda málþing um skýrt mál („klarspråk“) á vegum Íslenskrar málnefndar á fyrri hluta næsta árs.

f) *Viðbót við þýðingu ECSPM*

Bætt var við nokkrum línunum inn í skjalið *ECSPM declaration for multilingualism in higher education*. Jóhann R. Kristjánsson, fulltrúi í Íslenskri málnefnd, sem þýddi upphaflega skjalið sá einnig um að þýða viðbótina.

g) *Skipun fulltrúa Íslenskrar málnefndar í mannanafnanefnd*

Hrafn Sveinbjarnarson hefur verið tilnefndur fulltrúi Íslenskrar málnefndar í mannanafnanefnd í stað Finns Ágústs Ingimundarsonar sem hætti í nefndinni að eigin ósk.

h) *Ráðstefna í Stokkhólmi*

Norrænu málnefndirnar og norrænu íðorðasamtökin Nordterm halda sameiginlega ráðstefnu í Stokkhólmi 14.–15. júní. Yfirskrift ráðstefnunnar er „*Terminologi i samhällets tjänst*“.

Fleira gerðist ekki; fundið slitið kl. 18:00

Ármann Jakobsson  
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir  
sign.